

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 3. apríl 2017

UST201702-196/K.S.J.

10:04:03

Efni: Deiliskipulag - Hvammur í Lóni

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir verslun og þjónustu í landi Hvamms.


Skipulagssvæðið


Í tillögunni kemur fram að ofangreint skipulagssvæði nær yfir tæplega 5 ha svæði í landi Hvamms. Deiliskipulagstillagan nær til tveggja byggingarrita. Á öðrum er áætlað þjónustuhús, en á hinum reitnum eru áætluð 9 gestahús.

Í greinargerð kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði er fremur rýrt beitiland. Einnig er fjallað um áætlaða byggð, fráveitu, aðrar veitur og aðlögun að landi.

Á ofangreindu deiliskipulagssvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjasrá og þar eru ekki vistgerðir eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur